

LANDSFUNDUR KVENNALISTANS,  
HALDINN AÐ LÖNGUMÝRI Í SKAGAFIRÐI 5.-7. NÓVEMBER 1993, ÁLYKTAR:

Fylgi Kvennalistans sýnir að fjöldi fólks vill hafa aðra forgangsröð verkefna en tíðkast hefur í íslenskum stjórnámálum, forgangsröð þar sem bættur hagur kvenna, barna og fjölskyldna er í fyrirrúmi. Það er kominn tími til að konur stjórni landinu.

Konur standa enn frammi fyrir þeirri ópolandi staðreynd að laun þeirra eru ekki nema 60% af launum karla. Konur verða að standa þétt saman um leiðréttingu kjara sinna.

Kvennalistinn mótmælir stefnu núverandi ríkisstjórnar, sem kemur sérstaklega hart niður á konum og er þ.a.l. slæm fyrir þjóðina í heild.

Kvennalistinn mótmælir niðurskurði í velferðarkerfinu sem bitnar verst á heimilunum. Sparnaðartilraunir í heilbrigðiskerfinu bera vott um stefnuleysi og hringlandahátt. Kvennalistakonur vilja auka fyrirbyggjandi aðgerðir í heilbrigðiskerfinu sem leiða til sparnaðar þegar til lengri tíma er litið.

Velferð okkar í framtíðinni mun byggjast á góðri menntun þjóðarinnar. Kvennalistinn varar við niðurskurði í grunnskólum og mótmælir skólagjöldum og hertum úthlutunarreglum LÍN. Kvennalistinn hvetur til frekari uppbyggingar í menntun og rannsóknum. Eigi íslensk þjóð að komast af í umbrotum nýrra tíma er menntun lykilatriði.

Atvinnuleysi er staðreynd í íslensku þjóðfélagi sem stjórnvöld verða að takast á við. Kvennalistinn bendir á að einu marktæku viðbrögðin gegn atvinnuleysi hafa komið frá konum. Þær hafa brugðist við af krafti, ekki síst á landsbyggðinni, og komið fram með nýjar hugmyndir í atvinnusköpun. Kvennalistinn vill að frumkvæði kvenna verði virt og þær hafi greiðari aðgang að ráðgjöf og fjármagni. Lánastofnun þar sem konur hafi forgang myndi breyta stöðunni. Kvennalistinn minnr á að kaupir fólk íslenskar vörur eflist atvinnan í landinu.

Kvennalistinn bendir á að við stefnumörkun í undirstöðu-atvinnugreinunum, sjávarútvegi og landbúnaði, hefur hvorki verið tekið mið af umhverfisvernd, þjóðarhagsmunum né hag heimila. Miðstýring, ofstýring og vingulsháttur stjórnvalda um árabíl hafa valdið miklum óskunda. Kvennalistinn mótmælir því hvernig grafið hefur verið undan sjálfsvirðingu vinnandi fólks, ekki síst í landbúnaði. Kvennalistinn bendir á að þeir sem taka ákvarðanirnar eru ekki í tengslum við fólkið.

Kvennalistinn krefst þess að rekin verði raunhæf fjölskyldustefna. Kvennalistinn vill að vinnuvikan verði stytta án kjaraskerðingar og dagvinnulaun dugi til framfærslu. Í tilefni af ári fjölskyldunnar árið 1994 beinir Kvennalistinn þeim tilmælum til sveitarstjórna að gera góðan aðbúnað barna að forgangsverkefni.

Kvenlegra sjónarmiða gætir allt of lítið íslensku stjórnskerfi. Á miklu breytingaskeiði íslensks þjóðfélags verður að gæta þess tryggilega að ávinningar í réttindabaráttu kvenna glattist ekki og velferðarkerfið bíði ekki skaða. Þar er konum best treystandi.

Kvennalistinn minnr á að tímabundnir erfiðleikar í efnahags- og atvinnulífi þjóðarinnar þurfa ekki að vera til illis eins. Þeir kalla á endurmat, endurskipulagningu, hagræðingu, nýtingu og nýsköpun. Við þurfum að virkja þann kraft sem í fólkinu býr. Þá getum við vænst þess að út úr ríkjandi kreppuástandi komi heilbrigðara samfélag - reynslunni ríkara.